

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs vegna efnistökusvæðis við Flatir og Hlíðarhús, Múlaþingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. maí 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. mars 2023.

Í breytingunni felst heimild fyrir grjótnámi á tveimur stöðum vegna viðhalds vega, annars vegar að Flötum við Mjóafjarðarveg og hins vegar í landi Hlíðarhúsa í Jökulsárhlíð. Gert er ráð fyrir efnistöku í áföngum, allt að 10.000 m³ að Flötum og 4.000 m³ í Hlíðarhúsum, hvort um sig á svæði sem er um eða innan við 1 ha.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 9. maí 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 22. júní 2023